



Söfnunarsjóður
lífeyrisréttinda

ÁRSSKÝRSLA 2014



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársskýrsla fyrir árið 2014

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| STJÓRN OG STARFSFÓLK | 3 |
| ENDURSKOÐUNARNEFND | 3 |
| SAMTRYGGINGARDEILD | 4 |
| IÐGJÓLD | 4 |
| LÍFEYRIR | 5 |
| ÁVÖXTUN EIGNA 2014 | 7 |
| EIGNASAMSETNING 31.12.2014 | 8 |
| FJÁRFESTINGAR 2014 | 9 |
| FJÁRFESTINGARSTEFNA 2015 | 10 |
| MAT Á ÁVÖXTUN | 11 |
| MAT Á ÁHÆTTU | 12 |
| ALMENN VIÐMÍÐ SAMTRYGGINGARDEILDAR | 15 |
| LÁNAREGLUR | 17 |
| DÓMSMÁL | 19 |
| TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN | 19 |
| SÉREIGNARDEILD..... | 20 |
| IÐGJÓLD | 20 |
| LÍFEYRIR | 20 |
| EIGNIR | 20 |
| SÖFNUNARLEIÐ I | 20 |
| SÖFNUNARLEIÐ II | 20 |
| ALMENN VIÐMÍÐ SÉREIGNARDEILDAR | 22 |
| ÁRSREIKNINGUR 2014..... | 23 |

Stjórn og starfsfólk

Stjórn og starfsfólk

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda er skipuð af fjármálaráðherra. Fjöldi stjórnarmanna er sjö og eru jafn margir varamenn. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn. Fjórir stjórnarmenn eru skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landsamtaka lífeyrissjóða, þrír eru án tilnefningar og er einn þeirra formaður stjórnar sjóðsins.

Stjórn frá 1. júlí 2012 til næstu fjögurra ára.

Aðalmenn:

Guðmundur Árnason, formaður
Hrafn Magnússon, varaformaður
Aðalbjörg Lúthersdóttir
Einar Sveinbjörnsson
Svana Helen Björnsdóttir
Þuríður Einarsdóttir
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Varamenn:

Angantýr Einarsson
Erla Kristinsdóttir
Hálfván Hermannsson
Helga Einarsdóttir
Ingibjörg H. Helgadóttir
Reynir Þorsteinsson
Þorvaldur Ingi Jónsson

Aðsetur sjóðsins er í Borgartúni 29 og er fjöldi starfsmanna 14 í árslok 2014.

Starfsfólk:

Andri Már Jónsson
Elín S. Valdimarsdóttir
Helga B. Sigurðardóttir
Hjalti Atlason
Jón Otti Jónsson
Jóna Kristín Sigurðardóttir
Kristín Árnadóttir
Magnús B. Jónsson
Rannveig Þórarinsdóttir
Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Sigurlaug J. Waage
Stefanía Sigfúsdóttir
Svanhildur Lýðsdóttir
Þorbjörg Kristinsdóttir

Starfssvið:

Eignastýringarsvið
Sviðsstjóri bókhaldssviðs
Bókhaldssvið
Sviðsstjóri áhættustýringarsviðs
Sviðsstjóri eignastýringarsviðs
Bókhaldssvið
Móttaka, símsvörun og upplýsingar
Sviðsstjóri innheimtu- og ráðgjafasviðs
Bókhaldssvið
Framkvæmdastjóri
Sviðsstjóri lífeyris- og sjóðfélagasviðs
Lífeyris- og sjóðfélagasvið
Innheimtu- og ráðgjafasvið
Lífeyris- og sjóðfélagasvið

Endurskoðunarnefnd


Á grundvelli laga skipaði stjórn sjóðsins endurskoðunarnefnd. Formaður nefndarinnar er Sigurður Þórðarson en aðrir nefndarmenn eru Aðalbjörg Lúthersdóttir og Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir. Nefndin hélt sjö fundi á síðasta ári. Hlutverk hennar er meðal annars að koma að reikningskilum, innri og ytri endurskoðun sjóðsins og vera ákveðin framlenging á starfsemi stjórnar, er varðar þessi viðfangsefni.

SAMTRYGGINGARDEILD


Iðgjöld

Lögbundið er að greiða 12% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og reiknuðu endurgjaldi frá 16 til 70 ára aldurs. Skiptist hlutfallið þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi greiðir 8%. Eins og neðangreind tafla sýnir hefur orðið nokkur vöxtur á iðgjöldum til sjóðsins. Meginástæður eru aukinn fjöldi sem hefur kosið að greiða til sjóðsins, auknar greiðslur hvers sjóðfélaga og hlutverk Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í samræmi við 6. gr. l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um sérstakt innheimtuhlutverk sjóðsins.

Á árinu 2014 greiddu 13.799 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins, alls um 3.172 millj. kr. Þá greiddu 2.105 launagreiðendur iðgjöld fyrir starfsmenn sína á árinu. Virkir sjóðfélagar voru 6.637. Samtals hækkuðu iðgjöld um 0,7% frá fyrra ári. Hafa þer í huga að iðgjöld sem koma til innheimtu á grundvelli 6.gr.l.129/1997 eru færð niður árið 2014 um 20%. Hefði ekki komið til þeirrar varúðarfærslu hefði orðið 5% aukning á iðgjöldum milli ára.



Á árinu 2014 lækkuðu iðgjöld á föstu verðlagi um 1,5%. Verðlag eða verðbólga nam 1,0% árið 2014 en iðgjöld jukust um 0,7% að nafnvirði. Notast er við vísitölu neysluverðs í árslok 2014 þegar reiknuð eru út iðgjöld á föstu verðlagi fyrir árið 2014.




Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins 2014 námu um 3.122 millj. kr. og hafa hækkað um 12,7% frá árinu 2013. Greiðslur vegna ellilífeyris hækkuðu mest eða um 277 millj. kr. Á árinu voru að jafnaði 10.562 lífeyrisþegar sem þáðu lífeyri og hafði þeim fjölgað um 0,4% frá fyrra ári. Allar lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar í samræmi við breytingar á neysluverðsvísitölu. Samtals þáðu, einhvern tíma á árinu 2014, 10.268 einstaklingar ellilífeyri, 1.528 makalífeyri og 1.958 örorkulífeyri frá sjóðnum. Meðaltal mánaðargreiðslna ellilífeyris nam 23.448 krónum á meðan meðaltal örorkulífeyris nam 16.558 krónum á mánuði. Skipting lífeyrisgreiðslna milli lífeyristegunda hefur breyst þannig að vægi ellilífeyris hefur aukist.


Lífeyrisgreiðslur áráanna 2014 og 2013:

| | Árið 2014 | Árið 2013 | Breyting milli ára | Hlutfall lífeyris |
|----------------|---------------|---------------|--------------------|-------------------|
| Ellilífeyrir | 2.397.412.444 | 2.120.650.360 | 13,1% | 76,8% |
| Örorkulífeyrir | 389.069.989 | 332.713.244 | 17,0% | 12,5% |
| Makalífeyrir | 323.405.690 | 305.640.949 | 5,8% | 10,4% |
| Barnalífeyrir | 12.618.838 | 12.697.966 | -0,1% | 0,4% |
| Samtals | 3.122.506.961 | 2.771.702.519 | 12,7% | 100,00% |




Hlutfall lífeyris af hreinni eign:

Neðangreind mynd sýnir hversu stór hluti af eignum sjóðsins fer til greiðslu lífeyris á hverju ári og er því góður mælikvarði á stöðu sjóðsins og aldursamsetningu sjóðfélaga. Hlutfall lífeyris af hreinni eign var 2,6% í árslok 2014. Langt er í að fjölmennustu og réttindamestu sjóðfélagahóparnir fari á lífeyri. Samtals greiddi sjóðurinn 99% af iðgjöldum í lífeyri árið 2014. Myndin sýnir hlutfall lífeyris af meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok hvers árs.



Hrein eign til greiðslu lífeyris:

Eins og sést á myndinni hér að neðan hefur verið vöxtur á hreinni eign til greiðslu lífeyris frá árinu 2004 á föstu verðlagi ársins 2014. Vegna góðrar ávöxtunar á árunum 2004 - 2006 óx hrein eign hraðar en árin á undan. Raunávöxtun var neikvæð árið 2008 og lækkuðu eignir sjóðsins að raunvirði það ár. Hrein eign óx um 7,8% árið 2014, en vegna lágrar verðbólgu var raunávöxtun mjög góð eða 6,7%. Árin 2010 og 2012 skýrist vöxtur sjóðsins að hluta af samruna lífeyrissjóða við sjóðinn. Fall bankanna í október árið 2008 og afleiðingar þess hefur áhrif á þróun hreinnar eignar árin 2008 og 2009.



Ávöxtun eigna 2014

Ávöxtun Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda á árinu 2014 var góð. Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var 7,8% á árinu en hrein raunávöxtun 6,7%. Fimm ára raunávöxtun sjóðsins er 5,3% og tíu ára raunávöxtunin 3,8%.

Á árinu 2014 fjölgaði skráðum félögum á Aðallista NASDAQ OMX á Íslandi um tvö þ.e. HB Grandi hf. og Sjóvá hf. Samtals voru skráð félög 16 í árslok. Gert er ráð fyrir því að þrjú félög verði skráð í Kauphöllina á árinu 2015. OMXI8 vísitalan hækkaði um 4,1% á árinu 2014. Velta með hlutabréf skráð á Aðallista Kauphallar jókst á árinu og nam 292 milljörðum kr. en var 251 milljarðar kr. á árinu 2013.

Á árinu hækkaði ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa nokkuð en ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa lækkaði töluvert. Ávöxtunarkrafa verðtryggðs flokks Íbúðabréfa HFF44 var í upphafi árs 3,04% en var í lok árs 3,14% og ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfaflokksins RIKB31 stóð í 6,98% í upphafi árs en var 6,36% í lok árs. Skýring á lækkun vaxta á óverðtryggðum bréfum liggur í lágri verðbólgu en hún nam síðustu tólf mánuði um 1%. Verðbólguvæntingar eru jafnframt með lægsta móti.

Lítið hefur verið um útgáfur af innlendum skuldabréfum á undanförunum árum. Auk ríkistryggðra skuldabréfa hafa Lánasjóður sveitarfélaga og Reykjavíkurborg gefið reglulega út skuldabréf en í litlum mæli þó. Útgáfa skuldabréfa af Íbúðalánasjóði hefur ekki verið nein á undanförunum þremur árum. Þetta er stærsta breytingin á skuldabréfamarkaði enda hefur útgáfa skuldabréfa frá Íbúðalánasjóði verið uppistaða verðbréfamarkaðar frá upphafi skipulagðs verðbréfamarkaðar hér á landi. Fasteignafjármögnun fólks hefur færst meira til bankanna og í óverðtryggð lán en Íbúðalánasjóður hefur ekki ennþá gefið út slík lán. Tíminn mun leiða í ljós hvernig útgáfa frá Íbúðalánasjóði mun þróast í framtíðinni. Önnur skuldabréfaútgáfa hefur verið sértryggð útgáfa bankanna. Fyrirtækjaskuldabréfaútgáfa hefur verið lítil sem engin frá hrúni en þó hafa fasteignafélög gefið út eignatryggð skuldabréf. Stýrivextir Seðlabankans voru lækkaðir tvisvar sinnum á árinu um samtals 0,75% og stóðu í 5,25% í lok árs.

Vegna gjaldeyrishafta hafa lífeyrissjóðir ekki heimild til nýfjárfestinga á erlendum mörkuðum en árið 2014 var sæmilegt á erlendum hlutabréfamörkuðum en þó skást í Bandaríkjunum. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index) hækkaði um 2,9% í dollurum en þar sem að USD styrktist verulega á árinu þá hækkaði vísitalan um 13,2% í krónum talið.

Á árinu styrktist gengi íslensku krónunnar um 1,7% og stóð gengisvísitalan í 206,6 stigum í árslok 2014. Krónan veiktist þó gagnvart USD um 10,3% en styrktist um 2,7% gagnvart evru.


Hér að neðan er samanburðartafla þar sem borin er saman nafnávöxtun eigna og viðmiða sjóðsins.

| | Ávöxtun | Viðmið | Hlutfall eigna |
|--------------------|---------|--------|----------------|
| Innlend skuldabréf | 5,5% | 4,4% | 65,0% |
| Innlend hlutabréf | 8,7% | 4,1% | 12,4% |
| Erlend verðbréf | 15,8% | 13,2% | 20,8% |
| Aðrar eignir | 9,2% | 4,0% | 1,8% |

Bæði erlend hlutabréf og innlend hlutabréf voru yfir viðmiðunarvísitölum og báru uppi ávöxtun sjóðsins. Innlendu hlutabréfin eru borin saman við OMXI8 hlutabréfavísitöluna sem hækkaði um 4,1% árinu. Innlendu skuldabréfin eru borin saman við Gamma skuldabréfavísitöluna en hún hækkaði um 4,41%. Ávöxtun erlendra hlutabréfasjóða var ágæt í krónum talið og náðu þeir almennt að fylgja hækkunum sem verið hafa á erlendum mörkuðum. Erlendu sjóðirnir eru bornir saman við heimsvísitöluna (MSCI World Index) en hún hækkaði á árinu um 13,2% í íslenskum krónum.


Eignasamsetning 31.12.2014

Hlutfall innlendra hlutabréfa og hlutfall innlendra framtakssjóða vex frá fyrra ári. Hlutfall erlenda eigna er áþekkt frá fyrra ári. Hlutfall eigna með beinni og óbeinni ábyrgð ríkissjóðs hefur lækkað um 2% á árinu enda hefur útgáfa ríkisskuldabréfa dregist saman miðað við undanfarin ár.



Fjárfestingar 2014

Sjóðurinn hafði ekki fjárfest í erlendum framtakssjóðum frá því fyrir fjármagnshöft. Á því varð breyting á árinu og var fjárfest í þremur sjóðum. Er þetta í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins, en eign í erlendum framtakssjóðum var komin að neðri mörkum. Lítið var gefið út af skuldabréfum á árinu og endurspeglast það í minni fjárfestingum á skuldabréfum samanborið við undanfarin ár.



Fjárfestingarstefna 2015

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda setti fram fjárfestingarstefnu árið 1999. Hún var framlengd til ársins 2006. Á árinu 2006 var fjárfestingarstefnan yfirfarin af tveimur þess til bærum aðilum. Verður nánar fjallað um það síðar.

Það er hlutverk stjórnar að leggja mat á, fylgjast með og yfirfara fjárfestingarstefnuna reglulega. Slíkt er gert hér og hefur t.a.m. fjárfestingarstefna ársins 2014 verið endurmetin reglulega á árinu. Sú stefnumótun sem fram fór árið 1999 byggir á viðamikilli greinargerð sem þá, ásamt fleiri breytum, varð grunnur að þeirri ákvörðun um eignasamsetningu sem hér fylgir. Fjárfestingarstefna sjóðsins vegna ársins 2015 miðar að því að viðhalda og styrkja núverandi eignasamsetningu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið eftirfarandi skiptingu fjárfestinga og ráðstöfun fjármuna ársins 2015:

| Fjárfestingarstefna ársins 2015 | |
|--|---------|
| a. Verðbréf ríkis og húsnæðiskerfis | 0 - 50% |
| b. Verðbréf sveitarfélaga | 0 - 20% |
| c. Skuldabréf banka | 0 - 20% |
| d. Skuldabréf fyrirtækja | 0 - 15% |
| e. Sjóðfélagalán | 0 - 10% |
| f. Innlend hlutabréf | 0 - 30% |
| g. Erlend verðbréf | 0 - 20% |
| h. Aðrar fjárfestingar | 0 - 40% |
| i. Innlán | 0 - 10% |

Sjóðurinn stefnir að því að halda í horfinu eða minnka lítillega vægi ríkistryggðra skuldabréfa og auka lítillega vægi innlendra hlutabréfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti komið að ýmsum arðbærum verkefnum til þess að efla íslenskt atvinnulíf á ný. Fellur það undir h - lið. Varðandi erlend verðbréf, þá eru takmörk á gjaldeyrisviðskiptum sem hafa áhrif á möguleika til fjárfestinga erlendis. Hitt er að sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að fjárfesta erlendis í svokölluðum framtakssjóðum sem kalla eftir fjármunum eftir því sem þeir fjárfesta.

Hjálagt er eignasamsetning samtryggingardeildar sjóðsins ásamt vilmörkum:

| | Stefna 2015 og vilmörk | |
|--|------------------------|------------|
| | Lægsta | Hæsta |
| Bein og óbein ábyrgð ríkissjóðs | 40% | 60% |
| Innlend skuldabréf | 5% | 30% |
| <i>Bankar og fjármálafyrirtæki</i> | 0% | 10% |
| <i>Bæjar- og sveitarfélög</i> | 5% | 10% |
| <i>Skuldabréf fyrirtækja</i> | 0% | 5% |
| <i>Sjóðfélagalán</i> | 0% | 5% |
| Önnur innlend verðbréf | 0% | 25% |
| <i>Hlutabréf</i> | 0% | 15% |
| <i>Verðbréfasjóðir + Framtaksfjárfestingar</i> | 0% | 10% |
| Erlend verðbréf | 12% | 30% |
| <i>Skráð hlutabréf (vísitölustýring)</i> | 4% | 10% |
| <i>Skráð hlutabréf (virk stýring)</i> | 4% | 10% |
| <i>Skuldabréf</i> | 0% | 3% |
| <i>Framtaksfjárfestingar</i> | 4% | 7% |
| Aðrar fjárfestingar | 0% | 15% |
| Innlán | 0% | 10% |

Í tengslum við fjárfestingarstefnu var lagt mat á þætti er hafa áhrif á val fjárfestingarkosta.

Mat á ávöxtun

Lagt var mat á hverrar ávöxtunar væri að vænta miðað við eignasafn sjóðsins síðari hluta ársins 2001 og þær breytingar sem stefnt var að gera á eignasafninu með tilliti til stefnumörkunar sjóðsins til ársins 2006. Á haustmánuðum árið 2006 var stefna sjóðsins endurmetin og yfirfarin. Var hún tekin út af tveimur til þess bærum aðilum og miðað var við eftirfarandi eignasamsetningu þann 30.09.2006:

| | |
|---------------------------|------------|
| Innlend skuldabréf | 62% |
| Innlend hlutabréf | 13% |
| Erlend verðbréf | 25% |

Samhliða endurmatinu var gerð greiðsluflæðisgreining til ársins 2030. Einnig var gerð greiðsluflæðisgreining árið 2008, sem er reglulega yfirfarin. Miðað við afborganir núverandi skuldabréfa þá skila þær nægjanlegu innstreymi til að standa við greiðslur lífeyris næstu 12 - 15 árin. Næstu árin skila afborganir mun meiru en til þarf til að standa undir áætluðum lífeyri. Endurfjárfestingarþörf sjóðsins er því töluverð næstu árin. Niðurstaða athugana bendir til að nafnávöxtun gæti numið að jafnaði um 11 - 11,6%. Miðað við verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands 2,5% skilar sú ávöxtun 8,2 - 8,8% raunávöxtun. Vegna sögulegs staðalfráviks (flökts) eignaflokka eru meiri líkur en minni á að raunávöxtun geti sveiflast í kringum 6%. Frávikið mælist því um 4,2 - 4,9%. Það þýðir að raunávöxtun getur sveiflast á milli 1,8 - 10,9%. Litlar líkur eru á neikvæðri raunávöxtun. Athuganir staðfesta trausta fjárfestingarstefnu sjóðsins. Byggt verður því á sömu grunnstefnu áfram á komandi ári. Meginhluti eigna sjóðsins er skráður á markaði. Nú eru um 13% eigna sjóðsins skv. reglum óskráðar.

Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum ræðst af því að ávaxta beri fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim bestu ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Lykilatriði við mat á fjárfestingakostum er að meta tapsáhættu í hverjum viðskiptum fyrir sig. Sjóðurinn hefur því skilgreint viðmiðanir sem eru hafðar til hliðsjónar við val á fjárfestingakostum til að draga úr tapsáhættu eins og hægt er.

Mat á áhættu

Stjórn sjóðsins hefur rætt viðhorf sitt til áhættu, og væntingar um ávöxtun. Viðhorf til áhættu gerir það að verkum að fjárfestingarstefna sjóðsins þarf að vera nokkuð aðhaldssöm. Helstu áhættuþættir eru:

Lýðfræðileg áhætta:

Sjóðurinn ber áhættu af breytingum á væntum lífaldri sjóðfélaga svo og breytingu á örorkulíkum. Lífslíkur hafa breyst töluvert á undanförunum árum sem leiðir til þess að lífaldur hefur farið hækkandi. Jafnframt hafa örorkulíkur aukist. Þetta hefur þýtt hækkun á skuldbindingum sjóðsins. Margt bendir til að þessi þróun geti haldið áfram en möguleikar sjóðsins til að verjast þessu er takmarkaðir. Það er þó ljóst að með áframhaldandi hækkun lífaldurs þarf annað hvort að hækka eftirlaunaaldur og/eða hækka greiðslur í lífeyrissjóði, til þess að tekjurýrnun fólks á ellilífeyri verði ekki meiri en lög gera ráð fyrir eða 56% af meðaltekjum.

Útstreymisáhætta:

Hún er sú hætta að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Greiddur lífeyrir sem hlutfall af greiðslu iðgjalda hefur verið að hækka og fer nú um 99% af iðgjöldum í útgreiðslu lífeyris. Sjóðurinn hefur ávallt inn á lausum reikningi tvöfalda þá upphæð sem þarf að greiða út í lífeyri um hver mánaðamót. Sjóðurinn gerir greiningar til langs tíma þar sem innflæði er borið saman við útfæði til að tryggja að ávallt sé nóg laust fé til greiðslu lífeyris.

Kerfislæg áhætta (Ísland):

Stærsta landsáhætta íslenskra lífeyrissjóða er á Íslandi. Eignasafn sjóðsins er engin undantekning en heildareignir sjóðsins á Íslandi eru um 79% af safni hans. Landsáhættan vegna kerfishruns á Íslandi er því mikil og mikilvægt að það losni um gjaldeyrishöftin sem fyrst.

Áhætta utan Íslands:

Erlendar eignir sjóðsins eru tæplega 21%. Stærsti áhættuþátturinn gagnvart þeim er fall á erlendum verðbréfamörkuðum, þrengingar og samdráttur á helstu hagsvæðum heimsins sbr. lausafjárkrísuna árið 2008 og vandræði í Evrópu undanfarin misseri. Unnt er að draga úr þessari áhættu með því að selja erlendar eignir og kaupa innlendar en með því eykst landsáhættan sem er næg fyrir og því ekki fýsilegur kostur.

Áhættan sem fylgir lokuðu fjárfestingaumhverfi:

Á Íslandi ríkja gjaldeyrishöft. Fjárfestingaþörf íslensku lífeyrissjóðanna er umtalsverð og þrátt fyrir umræðu um aðkomu þeirra að uppbyggingu íslensks atvinnulífs er hætta á því að áhættudreifing í eignasöfnum verði takmarkaðri en áður. Vegna þessara takmarkana er hætta á eignaverðsbólum á Íslandi. Úr þessari áhættu er erfitt að draga eins og fjárfestingamöguleikar eru um þessar mundir.

Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta:

Öll skuldabréf sjóðsins fyrir utan skuldabréf í verðbréfasjóðum eru gerð upp á fastri ávöxtunarkröfu þannig að ekki er um eiginlega vaxtaáhættu að ræða miðað við núgildandi regluumhverfi. Sjóðurinn seldi sig út úr öllum verðbréfasjóðum með skuldabréf og eru því öll skuldabréf sjóðsins í samtryggingardeild gerð upp á kaupkröfu. Það er hins vegar endurfjárfestingaáhætta en hún á við um öll skuldabréfin í safninu en þau nema 65% af hreinni eign. Endurfjárfestingaáhættan felst í því að sjóðurinn geti ekki fjárfest í skuldabréfum með jafngóðri ávöxtun og áður. Sjóðurinn getur minnkað endurfjárfestingaáhættu með því að lengja líftíma eignasafns síns, t.d. auka vægi langra skuldabréfa eða kaupa bréf með færri afborgunum.

Uppgreiðsluáhætta:

Einstök skuldabréf gera ráð fyrir þeim möguleika að hægt er að greiða þau upp áður en líftíma þeirra er náð. Lítið hlutfall af skuldabréfum sjóðsins eru uppgreiðanleg. Helsta áhættan er að skuldabréfaútgafandi eigi kost á betri lánskjörum á nýrri skuldabréfaútgáfu og þar með myndist hvati til þess að greiða upp hina útgáfuna. Ástæður þess geta verið margvíslegar s.s. betra lánshæfi eða almennt lægri vextir á markaði.


Uppgreiðsla er ekki leyfð nema getið sé til um hana í skilmálum. Þá er tekið fram á hvaða tímabili hægt er að greiða upp bréfið. Einnig getur útgefandi samið við kaupendur um uppgreiðslu á bréfi, en samþykki þarf frá öllum kaupendum viðkomandi skuldabréfs um slíkt. Ef ákvæðið er nýtt, þá lendir sjóðurinn í endurfjárfestingaþörf fyrr en áætlað var. Hægt er að koma í veg fyrir þetta með því að leyfa ekki uppgreiðsluákvæði í bréfinu. Séu uppgreiðslur heimilar þarf gjarnan að greiða sérstakt uppgreiðsluálag.

Seljanleikaáhætta:

Langstærsti hluti eigna sjóðsins er seljanlegur án mikilla vandræða. Markaður með ríkisskuldabréf er mjög virkur hér á landi. Um 15-20% eigna flokkast í verðbréf sem hægt er kalla tregseljanleg. Helstu flokkar verðbréfa sem teljast tregseljanlegir eru innlendir sem erlendir framtakssjóðir. Seljanleikaáhattu er unnt að minnka upp að vissu marki með sölu tregseljanlegra eigna en það er aðeins gert yfir langan tíma.

Verðbólguáhætta:

Verðtryggingahlutfall eigna sjóðsins er í kringum 56% en skuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar. Þetta þýðir að sjóðurinn ber verðbólguáhattu sem nemur mun á verðtryggingahlutfalli eigna og skuldbindinga. Verðbólguáhattu myndi því auka áfallnar skuldbindingar og þar með lækka tryggingafræðilega stöðu. Hægt er að minnka þessa áhattu með því að auka verðtryggingahlutfall eignasafns.



Eins og sést hefur hlutfall verðtryggðra skuldabréfa lækkað lítillega. Helsta ástæðan fyrir þessari lækkun er minna framboð af verðtryggðum skuldabréfum.

Gjaldeyrisáhætta:

Erlendar eignir eru nú tæp 21% af eignasafni sjóðsins. Sjóðurinn hafði fyrir tilkomu gjaldeyrishafta stýrt gjaldeyrisáhattunni á virkan hátt. Í dag er gjaldeyrisstýring ekki möguleg og gjaldeyrisáhætta (tap) sjóðsins liggur í hugsanlegri styrkingu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Óbein áhrif af gjaldeyrisþrengingum eru m.a. þau að við veikingu krónunnar leita áhrifin út í verðlag sem leiðir til hækkunar á skuldbindingum. Til mótvægis við hækkun skuldbindinga er að erlendu eignirnar hækka í verði í krónum talið þegar krónan veikist. Erlendar eignir hafa því svipaða eiginleika og verðtryggðar eignir þ.e. að hækka þegar krónan veikist.

Hægt er að minnka gjaldeyrisáhattuna með því að selja eignir í erlendri mynt og kaupa eignir fyrir íslenskar krónur.

Áhætta vegna hlutabréfaeignar:


Hlutabréfaeign sjóðsins má skipta í tvennt, erlenda og innlenda. Innlend hlutabréf eru tæp 14% af safni sjóðsins ef tekin eru með þau hlutabréf sem sjóðurinn á beint, ásamt hlutabréfum í verðbréfa- og framtakssjóðum. Skráð hlutabréf eru um 9%. Erlend hlutabréfaeign er rúm 20% af safni sjóðsins og er fjárfest í dreifðum hlutabréfa- og framtakssjóðum víðs vegar um heiminn. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins er því um 34% og hefur verið að aukast lítillega á árinu. Hægt er að draga úr þessari áhættu með því að selja hlutabréf og kaupa skuldabréf en ávöxtun þeirra er mjög lág um þessar mundir.

Mótaðilaáhætta:

Stærsta einstaka mótaðilaáhættan er á Ríkissjóð Íslands en rúm 50% af eignum sjóðsins eru skuldabréf með ríkisábyrgð.

Næststærsta mótaðilaáhættan er á Lánasjóð sveitarfélaga eða um 3,4%. Aðrir aðilar vega minna í mótaðilaáhættu. Ef horft er framhjá ríkissjóði þá hefur sjóðurinn sett sér þá stefnu að enginn mótaðili vegi meira en 5% af hreinni eign sjóðsins. Sjóðurinn gengur þar lengra en lagarammi um fjárfestingar lífeyrissjóða segir til um. Eftirlit með mótaðilaáhættu er í stöðugri þróun hjá sjóðnum og hefur sjóðurinn notast við fyrirtækið Reitun til að meta mótaðilaáhættu ásamt því að sjóðurinn notast bæði við greiningar annarra ytri aðila sem og að meta sjálfur mótaðilaáhættu með viðurkenndum mótaðilaáhættulíkönum. Erfitt er að minnka mótaðilaáhættu eins og staðan er í dag þar sem skortur er á öruggum skuldurum og um fáa fjárfestingakosti er að ræða.

Sjóðurinn hefur milligöngu með viðskipti við aðila sem njóta trausts á markaðnum. Þegar kemur að erlendum viðskiptum er notast við stóra og þekktu erlenda banka sem njóta trausts.



Almenn viðmið samtryggingardeildar

Ávöxtun – meginmarkmið:

Markmið um raunávöxtun lífeyrissjóða er 3,5%. Hafa þarf í huga að oft þarf að bæta við álagi á 3,5% ávöxtun til að mæta kostnaði við rekstur sjóðsins. Álagið getur verið á bilinu 0,2-0,3%. Þannig að meðalkrafa til langs tíma ætti að vera rúmlega 3,7%. Meginmarkmið sjóðsins er að fá sem hæsta ávöxtun á fé sjóðfélaga þó þannig að áhættan sé innan þeirra marka sem sjóðurinn setur sér. Markmið fjárfestinga í verðtryggðum eignum er að fjárfesta á hærri kröfu heldur en 3,5% en það fer þó eftir markaðsaðstæðum hverju sinni hvort sú ávöxtun sé í boði fyrir ásættanlega mótaðila. Markmið fjárfestinga í óverðtryggðum eignum er að fjárfesta á hærri kröfu heldur en 6,1%, en það er uppgjörskrafa í tryggingafræðilegri athugun.

Fjárfestingarstefna hvers árs:

Fyrir hvert ár er sett fram fjárfestingarstefna sem lögð er fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar. Í henni eru sett markmið um eignasamsetningu og hvernig haga skuli fjárfestingum á komandi ári.

Fjárfestingaviðmið:

Varðandi erlend hlutabréfaviðskipti sjóðsins þá er horft til þess að ávöxtun sé að jafnaði hærri en heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index). Fyrir innlend hlutabréf er mælikvarðinn OMXI8 sem er vísitala Kauphallarinnar. Það er hins vegar erfiðara að draga fram sanngjarnan samanburðarmælikvarða varðandi innlend skuldabréf þar sem þau eru gerð upp á kaupávöxtun. Sjóðurinn styðst við vísitölu sem verðbréfafyrirtækið Gamma reiknar.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum á sama aðila:

Almennt viðmið er að hámarksfjárfesting (krafa) á sama aðila sé ekki hærri en 5% af eignum sjóðsins hverju sinni. Þá er átt við annan aðila en Ríkissjóð Íslands með beinum eða óbeinum hætti.

Hámarkshlutdeild í hlutafé fyrirtækja:

Það er stefna sjóðsins að fjárfesta í innlendum hlutabréfum þannig að sjóðurinn eigi ekki að jafnaði stærri hlut en sem nemur 5% í hverju félagi. Það geta þó verið undantekningar frá þessu viðmiði en þess er þó vandlega gætt að eiga ekki yfir 15% af útgefnu hlutafé í hverju félagi fyrir sig enda er það hámark skv. lögum um lífeyrissjóði. Um stærri fjárfestingar í hlutabréfum er fjallað af stjórn.

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum:

Þó svo að heimilt sé að eiga allt að 25% hlutdeildarskírteina útgefnum af sama verðbréfasjóði eða deild verðbréfafyrirtækis þá er viðmið sjóðsins 10%. Á það einnig við um heildarfjárfestingu innan sama rekstrarfélags. Ef eign er orðin meiri en sem nemur þessu, mun sjóðurinn selja úr viðkomandi sjóði ellegar er þörf á nýju fjármagni í sjóðinn.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf:

Það er almennt ekki liður í fjárfestingarstefnu sjóðsins að fjárfesta í skuldabréfum með fasteignaveði, sem eru útgefin af fyrirtækjum og með veði í atvinnuhúsnæði. Bréfin þurfa þá að vera skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði. Ef fjárfesta á í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum (öðrum en lánnum til sjóðfélaga) þarf sérstaka heimild og samþykkt stjórnar.

Sjóðurinn lánar fjármuni til sinna sjóðfélaga, samkvæmt reglum stjórnar. Þær reglur sem gilda nú miðast við veðstöðu sem nemur 65% af fasteignamati. Jafnframt vill sjóðurinn að veðstaða sé innan við 85% af brunabótamati. Einnig þarf lántakandi að standast greiðslumat og lánshæfismat.

Aðrar fjárfestingar:

Undir flokkinn aðrar fjárfestingar falla ýmiskonar arðbærar fjárfestingar sem geta komið til á árinu. Má þar nefna hlutabréf í óskráðum félögum sem eru í góðum rekstri. Einnig fellur undir þetta aðkoma að ýmiskonar nýsköpunarverkefnum. Með þessum flokki getur sjóðurinn komið að verkefnum sem geta reynst arðbær og nauðsynleg til að aðstoða efnahagslífið á Íslandi. Ákvarðanir um slíkar fjárfestingar eru teknar af stjórn sjóðsins.

Þjónustufyrirtæki fyrir lífeyrissjóði:

Það ekki hluti af stefnu sjóðsins að eiga eða fjárfesta í fyrirtækjum sem hafa það að markmiði að þjónusta eingöngu lífeyrissjóði. Að öðru leyti kaupir sjóðurinn þá þjónustu sem sótt er utan sjóðsins af fyrirtækjum sem veita viðkomandi þjónustu á hagstæðum kjörum.

Virk stýring eigna:

Að jafnaði er helmingi innlendra og erlendra hlutabréfa stýrt í samræmi við viðmiðunarvísitölur. Sjóðurinn er tilbúinn að selja verðbréf sín fyrir hagstætt verð að því gefnu að endurfjárfesting fjármunanna skili sjóðnum hagfelldari ávöxtun.

Nú um þessar mundir eru tæplega 30% af eignum sjóðsins í virkri stýringu. Hluti er þó í svokallaðri vísitölustýringu eða passifri stýringu. Hlutabréf eru keypt og seld eftir aðstæðum á markaði.

Skapist hagstæðar markaðsaðstæður þá hefur sjóðurinn selt hluta sinna skuldabréfa og mun gera það áfram. Að meginstofni byggja fjárfestingar á fjármunum sem sjóðnum berast í gegnum greiðslu iðgjalda og afborganir verðbréfa.

Líftími skuldabréfa:

Skuldabréfaútgáfa er ekki regluleg nema í óverðtryggðum ríkisbréfum. Útgáfa verðtryggðra íbúðabréfa sem hefur verið ein aðaluppistaða verðbréfamarkaðar á Íslandi á undanförunum árum hefur snarminnkað og var hrein útgáfa á árinu 2014 nánast engin. Útgáfa annarra skuldabréfa s.s. sveitarfélaga og fyrirtækja er meira háð aðstæðum hverju sinni. Sjóðurinn hefur sett sér það viðmið að í verð- og/eða ríkistryggðum bréfum sé fjárfest til eins langs tíma og kostur er miðað við ávöxtun og meðallíftíma skuldabréfanna. Þegar fjárfest er í óverðtryggðum skuldabréfum útgefnum af Ríkissjóði, þá fer það eftir markaðsaðstæðum hverju sinni til hve langs tíma fjárfest er.

Varðandi skuldabréf sveitarfélaga þá er gert ráð fyrir að lokagreiðsla þeirra sé ekki síðar en 15 árum frá kaupum nema í traustustu sveitarfélögunum. Einnig er gert ráð fyrir lágmarksíbúafjölda og lágri skuldsetningu. Jafnframt að það fari fram reglulegar afborganir. Skilyrði er að þau séu skráð í Kauphöll.

Varðandi skuldabréf sem skráð eru á markaði og gefin út af fjármálafyrirtækjum sem og traustum fyrirtækjum, er krafa um hóflega langan meðallíftíma skuldabréfanna eða um tíu ár eða styttra. Skuldabréf fasteignafélaga með veð í fasteignum og leigugreiðslum geta þó verið með lengri líftíma en 10 ár. Algert skilyrði er að greitt sé af þeim reglulega, a.m.k. vextir. Jafnframt er gerð krafa um að verðbréf séu skráð á verðbréfamarkaði. Skilyrði er að þau séu skráð í Kauphöll.

Notkun afleiða:

EKKI er heimilt að nota afleiður nema til að draga úr áhættu og um það sé fjallað af stjórn. Þar sem gjaldeyrishöft eru við lýði er ekki hægt að verja íslensku krónuna gegn erlendum myntum þessa stundina.

Gjaldmiðlasamsetning:


Búast má við til lengri tíma litið, að breytingar á erlendum myntum, verði áþekkar, enda nokkur fylgni milli hreyfinga á fjármagnsmörkuðum í Bandaríkjunum og í löndum Evrópu, þar sem evran er notuð sem gjaldmiðill. Engin stefna er í gangi hvort erlendar eignir eigi að hafa evru eða dollar sem viðmið. Erlendar eignir eru ekki varðar nú um þessar mundir gegn sveiflum á íslensku krónunni gagnvart erlendum myntum.

Atvinnugreinaskipting:

Þar sem viðmiðanir sjóðsins varðandi atvinnugreinar miðast við vísitölur þá er gert ráð fyrir að ekki verði vikið frá þeirri atvinnugreinaskiptingu sem þær fela í sér. Er átt við hlutabréfavíðskipti sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir um helmingi erlendra eigna sinna í vísitölusjóðum. Það er ekki stefna sjóðsins að eiga safn hlutabréfa sem endurspeglar nákvæmlega vísitöluviðmið hans. Af markaðsaðstæðum getur verið skekkja milli hlutabréfasafns sjóðsins og vísitalna.

Sjóðfélagalán:

Neðangreind mynd sýnir yfirlit yfir veitt sjóðfélagalán hjá sjóðnum. Upplýsingarnar eru á verðlagi hvers árs.



Lánareglur

Lánaréttindi:

Lán eru veitt til sjóðfélaga Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Lánaréttindi hefur sá sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, annað hvort í samtryggingardeild eða séreignardeild.

Lánsupphæð, lánstími og kjör:

Lágmarks lánsupphæð er kr. 2.000.000.- og ótakmörkuð á meðan veðrými leyfir að uppfylltu greiðslu- og lánsþæfismati. Lánstími er 5 - 40 ár og endurgreiðist lán með eigi færri gjalddögum en tveimur á ári.

Lánin eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Hægt er að velja um lán með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum vaxta og höfuðstóls (annuitets lán), sem taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Val er um vaxtakjör með breytilegum eða föstum vöxtum. Gildandi vextir eru birtir á heimasíðu sjóðsins www.sl.is, en í lok árs 2014 voru fastir vextir 3,85% en lán með breytilegum vöxtum báru 3,50% á sama tíma..

Sveigjanleiki:

Sjóðfélögum stendur ávallt til boða að greiða upp lán frá sjóðnum án uppgreiðslugjalds. Jafnframt getur þú fært úr breytilegum vöxtum í fasta vexti hvenær sem er á lánstímanum án sérstaks gjalds.

Lán með föstum vöxtum:

Fastir vextir eru ákvarðaðir af stjórn sjóðsins og miðast við útgáfudag skuldabréfs og taka því ekki breytingum á lánstíma.

Lán með breytilegum vöxtum:

Breytilegir vextir eru ákvarðaðir af stjórn sjóðsins og eru yfirfarnir reglulega og taka breytingum í samræmi við ákvörðun stjórnar. Skyld er að tilkynna breytingu þess efnis með 30 daga fyrirvara sbr. 13. gr. laga nr. 33/2013.

Hægt er að breyta vaxtakjörum láns með breytilega vexti í fasta vexti óski lántaki þess.

Lánsúmsókn:

Lánsúmsókn skal vera skrifleg og skilað á þar til gerðu eyðublaði ásamt þeim gögnum sem við á. Þau geta verið:

Nýtt þinglýsingarvottorð af eigninni. Fasteignamat og brunabótamat eignar. Eftirstöðvar áhvílandi lána., Ef á undan veðrétti sjóðsins eru önnur áhvílandi lán skulu fylgja umsókninni síðustu greiðsluseðlar viðkomandi lána. Verðmat löggilts fasteignasala hafi þess verið óskað. Greiðslumat ásamt fylgigögnum.

Veðtrygging:

Lánað er gegn fasteignaveði í íbúðarhúsnæði lántaka, maka hans eða aðila sem hann er í óvígðri sambúð eða staðfestri samvist með, enda liggja fyrir slík yfirlýsing frá viðkomandi eiganda íbúðarhúsnæðis sem jafnframt staðfestir að lánið sé tekið til hagsbóta fyrir báða aðila. Eigandi veðs verður því samskuldari að láninu með sjóðfélaganum. Trygging fyrir láni í eigu annars aðila en að ofan greinir er ekki tekin gild.

Aðeins er lánað gegn fasteignaveði sem er allt að 65% af fasteignamati viðkomandi eignar, þ.e. lán sjóðsins og uppreiknaðar eftirstöðvar annarra áhvílandi lána mega ekki vera hærrí en 65% af fasteignamati og jafnframt innan við 85% af brunabótamati.

Ef fasteignamat endurspeglar ekki markaðsverð fasteignarinnar er horft til matsverðs löggilts fasteignasala og ef fyrir liggur nýlegur kaupsamningur er hann hafður til hliðsjónar. Sjóðurinn áskilur sér rétt til þess að láta meta fasteignir sérstaklega áður en lán er veitt.

Meta þarf húseign ef um nýbyggingu er að ræða. Umsókn er ekki tekin til greina nema húseign sé fokheld og staðfest með vottorði og brunatryggð.

Sömu vaxtakjör gilda óháð veðrétti, lánsfjárhæð og stöðu veðtryggingar miðað við verðmæti tryggingarinnar.

Mat á greiðslugetu og lánshæfi:

Áður en lán er veitt er lánshæfi umsækjanda metið í samræmi við lög um neytendalán nr. 33/2013 og reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat. Greiðslumat skal framkvæmt af viðurkenndri fjármálastofnun í samræmi við ofangreind lög og reglugerð. Ef fjárhæð láns er 2 milljónir króna eða meira hjá einstaklingi og 4 milljónir króna eða meira þegar um hjón eða sambúðarfólk er að ræða ber að gera greiðslumat. Greiðslumat skal ekki vera eldra en 3ja mánaða. Afhenda skal Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda öll fylgigögn vegna greiðslumats sem ekki er framkvæmt af sjóðnum. Sjóðurinn ber ekki ábyrgð á því ef röng gögn eða upplýsingar eru veittar af hendi lántaka vegna mats á greiðslugetu.

Uppgreiðsla á lánum:

Heimilt er að greiða upp lán að hluta eða öllu leyti, hvenær sem er á lánstímanum án sérstaks uppgreiðslugjalds.

Kostnaður lántakanda:

Lántakanda ber að greiða lántökugjald til sjóðsins sem er nú 0,5% af lánsfjárhæð. Jafnframt þarf að hann að greiða fyrir þinglýsingarvottorð og þinglýsingargjald ásamt kostnaður vegna greiðslumats. kostnað við mat á fasteign sé þess þörf og kostnaður við skjalagerð.

Lántakendur greiða einnig innheimtukostnað af afborgunum skuldabréfa á hverjum gjalddaga.

Upplýsingar til umsækjanda /lántakanda:

Sjóðnum ber að afhenda umsækjanda/lántakanda staðlaðar upplýsingar á þartilgerðu formi svo hann geti tekið upplýsta ákvörðum um lántökuna, sbr. 7. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán.

Einnig ber að afhenda umsækjanda/lántakanda upplýsingar um sögulega þróun verðlags og vaxta og áhrif þeirra á höfuðstól og greiðslubyrði lána, sbr. 25. gr. sömu laga.

Lántakanda ber að kynna sér og undirrita eyðublað sjóðsins: Staðlaðar upplýsingar um neytendalán. Lánveitandi mun upplýsa lántakanda um árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarfjárhæð sem neytandi greiðir. Árleg hlutfallstala kostnaðar er heildarlántökukostnaður, lýst sem árlegum hundraðshluta af heildarfjárhæð láns þess sem veitt er og reiknuð út í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán. Heildarlántökukostnaður er allur kostnaður vegna lántöku, þ.m.t. vextir og verðbætur á lánstíma, lántökugjald, tilkynninga- og greiðslugjald, þóknun, skattar og önnur gjöld að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar er miðað við ársverðbólgu samkvæmt tólf mánaða breytingu vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

Afgreiðsla lánsúmsóknar:

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að hafna lánsúmsókn eða takmarka lánsfjárhæð sé veðstaða ekki innan veðmarka eða umsækjandi standist ekki lánshæfismat eða greiðslumat.

Lán sem veitt eru samkvæmt þessum lánareglum eru í samræmi við lög nr. 33/2013.

Dómsmál

Sjóðurinn tengist tveimur dómsmálum. Í fyrsta lagi er mál tengt einum sjóðfélaga sem áður var sjóðfélagi í Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka. Við samruna Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka við sjóðinn árið 2010 kom fram krafa frá einum sjóðfélaga þess efnis að hann ætti meiri rétt en tryggingafræðingar höfðu reiknað honum. Sjóðfélaginn hefur stefnt sjóðnum. Lagðar voru til hliðar 205 millj. kr. vegna þessa og dugar þeir fjármunir til að mæta kröfu viðkomandi aðila. Tapist málið eru áhrifin engin á sjóðinn.

Í öðru lagi er mál sem tengist fyrst og fremst örorkuhlutfalli. Sjóðurinn mat sjóðfélaga með lægra örorkuhlutfall en viðkomandi sjóðfélagi og snýst málið um það ásamt fleiri atriðum. Verði fallist á málflutning sjóðfélaga mun það kosta sjóðinn fáeinir milljónir króna í auknar lífeyrisgreiðslur. Hérðasdómur dæmdi sjóðnum í hag á haustmánuðum 2014 en sjóðfélaginn ákvað að áfrýja málinu til Hæstaréttar.

Í gangi voru þrjú önnur dómsmál í lok þar síðasta árs. Á síðsata ári var í tveimur þeirra samið um niðurstöðu sem var sjóðnum hagfelld og í því þriðja var sjóðurinn sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Tryggingafræðileg athugun

Í febrúar 2015 var gerð tryggingafræðileg úttekt á sjóðnum miðað við árslok 2014. Úttektin sýnir að staða sjóðsins hefur batnað milli ára. Skiptir þá mestu máli að ávöxtun ársins var mun hærri en þau 3,5% er miðað er við. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð í árslok 2014 um 0,4% samanborið við neikvæða stöðu í árslok 2013 um 1,5%. Heildarskuldbindingar umfram heildareignir í árslok 2014 voru 726 millj. kr. en voru einnig neikvæðar um 2.506 millj. kr. í árslok 2013.

| Áfallin staða | 2014 | 2013 |
|----------------------------|---------|---------|
| Endurmetin eign | 124.975 | 117.926 |
| Áfallin skuldbinding | 124.032 | 118.590 |
| Eignir umfram áfallnar sk. | 943 | (664) |

| | | |
|----------|------|--------|
| Hlutfall | 0,8% | (0,6%) |
|----------|------|--------|

MEÐ FRAMTÍÐAR SKULDBINDINGU

| | | |
|-----------------------|---------|---------|
| Endurmetin eign | 165.745 | 159.246 |
| Heildarskuldbindingar | 166.483 | 161.753 |
| Heildarstaða | 738 | (2.506) |
| Hlutfall | (0,4%) | (1,5%) |

Fjárhæðir í millj. kr.

Séreignardeild

Iðgjöld

Heimilt er að greiða allt að 6% iðgjald til séreignar í lífeyrissjóð af öllum launum og reiknuðu endurgjaldi. Skiptist hlutfallið þannig að launþegi getur greitt allt að 4% en launagreiðandi greiðir 2%.

Á árinu 2014 greiddu 432 einstaklingur iðgjöld til séreignardeildar sjóðsins, alls um 61 millj. kr. Þá greiddu 189 launagreiðendur iðgjöld til séreignar fyrir starfsmenn sína á árinu. Virkir sjóðfélagar voru 244. Samtals hækkuðu iðgjöld um 32,6% frá fyrra ári.

Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins 2014 námu um 137 millj. kr. og hafa hækkað um 20,2% frá árinu 2013. Námu þær 5,9% af eignum í árslok 2014. Meginástæður eru þær að frá árinu 2009 var veitt sérstök lagaheimild til að taka út séreignarsparnað til allra réttihafa. Rann heimildin út í lok árs 2014.. Jafnframt er heimilt hjá þeim sem hafa náð 60 ára aldri að taka út sinn viðbótarsparnað í einu lagi.

Eignir

Í gildi er samningur við Arion banka hf. um ávöxtun fjármuna séreignardeildarinnar eftir útboð á fjármálamarkaði á sínum tíma. Þannig næst fjárhagslegur aðskilnaður milli deilda. Ávöxtun og uppgjör miðast við markaðsvirði eigna hverju sinni. Algert skilyrði er að eignir deildarinnar séu skráðar og hafi markaðsvirði. Tvær fjárfestingarstefnur eru í boði fyrir réttihafa deildarinnar. Kallast þær Söfnunarleið I og Söfnunarleið II.

Í báðum leiðum er fjárfest í verðbréfum sem eru auðinnleysanleg eða auðseljanleg innan 3 - 4 virkra daga. Deildin greiðir út lífeyri mánaðarlega þannig að algerlega vandræðalaust er að mæta öllum beiðnum um útgreiðslur.

Söfnunarleið I

Hefðbundinn innlánsreikningur sem ber hæstu innlánsvexti á hverjum tíma. Leiðin hentar lífeyrisþegum deildarinnar sem eru að nálgast lífeyristökualdur og þeim sem vilja taka litla áhættu. Til þess að skipta um leiðir þarf upplýst samþykki hvers og eins að berast sjóðnum.

Söfnunarleið II

Markmið sjóðsins er að ávaxta fé réttihafa á sem bestan hátt að teknu tilliti til áhættu með neðangreindum hætti í samræmi við samþykktir sjóðsins á hverjum tíma.

Það er sameiginlegt mat sjóðsins og Arion banka hf. að neðangreind samsetning sé vænleg til jafnrar og traustrar ávöxtunar handa réttihöfum. Þar sem gert er ráð fyrir að meginhluti eigna sé í skuldabréfum, má gera ráð fyrir að sveiflur í ávöxtun verði minni. Hins vegar er möguleiki að auka við erlenda hlutabréfaeign deildarinnar í allt að 20% og innlend hlutabréf í 10% en hluti skuldabréfa á að vera að lágmarki 70%. Ýtarlegustu heimildir deildarinnar byggja á samþykktum sjóðsins skv. 7.gr.

Viðmiðunarsamsetning eigna Söfnunarleiðar II er eftirfarandi:

| Íslensk skuldabréf | | | Íslensk hlutabréf | | | Önnur verðbréf | | |
|--------------------|-------|------|-------------------|-------|------|----------------|-------|------|
| Lágm. | Viðm. | Hám. | Lágm. | Viðm. | Hám. | Lágm. | Viðm. | Hám. |
| 50% | 70% | 100% | 0% | 20% | 30% | 0% | 5% | 30% |

Fjárfestingarviðmið deildarinnar byggir á viðmiðunarsamsetningu eigna eins og henni er lýst að ofan. Viðmiðin eru eftirfarandi:

| | Stefna | Lágmark | Hámarg |
|--|--------|---------|--------|
| Innlend skuldabréf og innlán | 50% | 75% | 100% |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 50% | 70% | 100% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 0% | 0% | 10% |
| Skuldabréf með veð í fasteign | 0% | 0% | 10% |
| Innlán í bönkum og sparisjóðum | 5% | 0% | 25% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisj. og annarra lánastofnana | 0% | 0% | 10% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 2% | 0% | 20% |
| Önnur verðbréf | 1% | 0% | 20% |
| Innlend hlutabréf | 20% | 0% | 30% |
| Erlend hlutabréf | 10% | 0% | 30% |
| Erlend skuldabréf | 2% | 0% | 20% |

Fjárfestingarviðmið deildarinnar byggir á viðmiðunarsamsetningu eigna eins og henni er lýst að ofan.

Viðmiðin eru eftirfarandi:

| VIÐMIÐUNARVÍSITALA | HLUTFALL |
|---|---------------|
| RIKB 16 1013 | 7,2% |
| RIKB 19 0226 | 7,2% |
| RIKB 22 1026 | 2,4% |
| RIKB 25 0612 | 3,2% |
| Íbúðabréf 15.06.2024 lr. | 27,2% |
| Íbúðabréf 15.04.2034 lr. | 8,8% |
| Íbúðabréf 15.06.2044 lr. | 12,0% |
| RIKS 21 0414 | 12,0% |
| Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World Index) | 10,0% |
| Úrvalsvísitala NASDAQ OMX Iceland (OMX18) | 10,0% |
| Samtals: | 100,0% |
| Líftími - innlend skuldabréf | 6,3 ár |
| Verðtrygging - innlend skuldabréf | 75,0% |

Almenn viðmið séreignardeildar

Meginfjárfestingar eru í hlutdeildarsjóðum Arion banka hf. og erlendum hlutdeildarsjóðum sem bankinn hefur umboð fyrir eða tengist.

Deildin hefur heimild til að nota afleiður til þess að draga úr áhættu.

Hámarksfjárfesting á sama aðila má ekki fara yfir 5% og hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja má ekki fara yfir 15%. Gert er ráð fyrir að meðallíftími skuldabréfa sé fimm ár og laust fé fari að jafnaði ekki yfir 10% af nafnverði.

Deildinni er heimilt að eiga allt að 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða deild verðbréfafyrirtækis eða 25% af verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags. Hins vegar hefur deildin það viðmið að jafnaði að eiga ekki yfir 10% af eign hvers sjóðs hverju sinni.

Það er ekki liður í fjárfestingarstefnu deildarinnar að fjárfesta í skuldabréfum með fasteignaveði. Deildin veitir ekki lán til rétthafa. Hún fjárfestir ekki í félögum sem sinna eiga þjónustuverkefnum einungis fyrir lífeyrissjóði/séreignardeildina.

Allar eignir deildarinnar eru í virkri stýringu og hafa markaðsvirði. Fjárfestingar eru því mjög virkar og þær reglulega metnar með tilliti til ávöxtunar í samræmi við fjárfestingarstefnu deildarinnar.

Erlendar eignir deildarinnar geta verið frá 0 - 30%. Eignir deildarinnar eru annað hvort í dollar eða evru, eða báðum myntum samtímis. Engin sérstök stefna er þar um.

Þar sem viðmið deildarinnar varðandi atvinnugreinar miðast við vísitölur þá er ljóst að ekki verður vikið frá þeirri skiptingu sem vísitölur fela í sér. Því ráða markaðsaðstæður hverju sinni.

Fjárfestingarstefna beggja deilda sjóðsins byggir að öðru leyti á langtímamarkmiðum og mikilvægi þess að ávöxtun sé jöfn og traust til lengri tíma litið.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársreikningur 2014

Borgartúni 29
105 Reykjavík
Kt. 450181-0489

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Áritun og skýrsla stjórnar | 25 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 26 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris ... | 27 |
| Efnahagsreikningur | 28 |
| Sjóðstreymi | 29 |
| Skýringar | 30 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda | |
| til greiðslu lífeyris | 41 |
| Efnahagsreikningur | 42 |
| Sjóðstreymi | 43 |
| Annual report | 44 |

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fært er sértakt yfirlit yfir breytingu á hreinni eign, efnahagsreikning og sjóðstreymi fyrir hverja fjárfestingarleið í séreignardeild.

Sjóðurinn hefur verið starfandi í 40 ár, en hann hóf starfsemi 26. september 1974. Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti og gekk rekstur hans vel. Raunávöxtun sjóðsins nam 6,6% og tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 1,1%. Eignir sjóðsins jukust um 7,6% á árinu.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar var 126.682 millj. kr. og jókst eign deildarinnar um 7,8% eða 9.174 millj. kr. Hrein nafnávöxtun var 7,8% samanborið við 10,1% árið áður. Hrein raunávöxtun árið 2014 var 6,7% samanborið við 6,2% árið áður. Fimm ára meðaltalsraunávöxtun er 5,3% og tíu ára meðaltal er 3,8%

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu alls 3.122 millj. kr. og jukust um 12,7% milli ára. Fjöldi lífeyrisþega í árslok var 10.562, en þeir voru 10.515 árið áður. Aukning milli ára er 0,5%. Mest aukning er á útgreiðslu ellilífeyris eða 277 millj.kr. Samtals greiddi sjóðurinn 2.397 millj. kr. í ellilífeyri.

Í samtryggingardeild greiddu 2.105 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins alls 3.172 millj. kr. fyrir 13.799 einstaklinga. Sjóðfélagar voru 132.378 í árslok 2014.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er góð í samanburði við aðra lífeyrissjóði, þrátt fyrir að eignir sjóðsins séu 0,4% lægri en heildarskuldbindingar í árslok 2014, samanborið við 1,5% árið áður. Staðan batnar því milli ára. Samkvæmt lögum má þetta hlutfall vera neikvætt um 10,0% án þess að það þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga, en sjóðurinn hefur aldrei skert áunnin réttindi sjóðfélaga frá stofnun 1974.

Hrein eign séreignardeildar nam 2.326 millj. kr. og lækkaði um 0,8% eða um 2 millj. kr. Samtals voru greiddar 137 milljónir í lífeyri eða 5,9% miðað við eignastöðu í árslok 2014. Séreignardeild sjóðsins skiptist í tvær ávöxtunarleiðir og var hrein nafnávöxtun Söfnunarleiðar I 3,4% og hrein raunávöxtun 2,4%. Hrein nafnávöxtun Söfnunarleiðar II var 3,6% og hrein raunávöxtun 2,5%.

Árið 2014 var áfram erfitt til fjárfestinga, einkum vegna gjaldeyrishafta, en vegna þeirra hefur sjóðurinn ekki aðgang að þeim fjármálamörkuðum sem hann kys sjóðfélögum til hagsbóta.

Á árinu 2014 hélt stjórn sjóðsins 12 fundi. Þá hélt endurskoðunarnefnd sjóðsins samtals 7 fundi á árinu 2014. Starfsmenn sjóðsins voru fjórtán í árslok 2014 og nam heildarlaunakostnaður sjóðsins 128 millj. kr. Til viðbótar námu launatengd gjöld 25 millj. kr. Samtals nam heildarlaunakostnaður vegna stjórnar, endurskoðunarnefndar og starfsmanna 153 millj. kr. Aðsetur sjóðsins er í Borgartúni 29, 4. hæð og er heimasíða hans www.sl.is.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík 17. mars 2015


Hrafn Magnússon, varaformaður



Guðmundur Árnason, formaður


Aðalbjörg Lúthersdóttir


Einar Sveinbjörnsson


Svana Helen Björnsdóttir


Þuríður Einarsdóttir


Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir


Sigurbjörn Sigurbjörnsson
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík 17. mars 2015



Árni Snæbjörnsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2014

Allar tölur í þús. kr.

| | <i>Skýr.</i> | 2014 | 2013 |
|---|----------------|-------------|-------------|
| Iðgjöld | 2.6 | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 1.077.041 | 1.057.914 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 2.156.197 | 2.140.286 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (26.181) | (110.717) |
| | | 3.207.057 | 3.087.483 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | | 63.727 | 60.526 |
| | | 3.270.784 | 3.148.009 |
| Lífeyrir | 2.7, 3 | | |
| Lífeyrir | | 3.259.158 | 2.885.375 |
| Gjald í starfsendurhæfingarsjóð | | 27.998 | 25.427 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | 8.576 | 6.899 |
| | | 3.295.732 | 2.917.701 |
| Fjárfestingartekjur | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 2.8 | 4.966.308 | 4.614.561 |
| Tekjur af húseignum og lóðum | | 10.727 | 10.621 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 2.9, 4 | 4.448.400 | 6.201.332 |
| Niðurfærsla verðbréfa | 2.14 | 73.531 | 278.717 |
| | | 9.498.966 | 11.105.231 |
| Fjárfestingargjöld | 2.10 | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 186.527 | 176.159 |
| Vaxtagjöld | | 21.697 | 4.984 |
| | | 208.224 | 181.143 |
| Rekstrarkostnaður | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 2.10, 5 | 116.553 | 94.993 |
| Aðrar tekjur | 2.11 | 23.171 | 17.120 |
| Hækkun (lækkun) á hreinni eign á tímabilinu | | 9.172.412 | 11.076.523 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 119.835.641 | 108.759.118 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | 129.008.053 | 119.835.641 |

Efnahagsreikningur 2014

Allar tölur í þús. Kr.

Eignir

| | Skýr. 2.12,2.13 | 2014 | 2013 |
|---------------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Fjárfestingar | | | |
| Húseignir og lóðir | 6 | 135.633 | 137.003 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 7 | 42.214.440 | 38.055.008 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 8 | 79.909.315 | 75.348.071 |
| Veðlán | 9 | 2.404.755 | 2.466.245 |
| Innlán | | 1.729.438 | 1.715.487 |
| | | <u>126.393.581</u> | <u>117.721.814</u> |

Kröfur

| | | | |
|--------------------------------|-----|------------------|------------------|
| Kröfur á launagreiðendur | 2.6 | 892.967 | 957.946 |
| Aðrar kröfur | | 208.465 | 206.470 |
| | | <u>1.101.432</u> | <u>1.164.416</u> |

Aðrar eignir

| | | | |
|-----------------------------|---|------------------|------------------|
| Rekstrarfjármunir | 6 | 19.598 | 18.739 |
| Sjóður og veltiinnlán | | 1.743.158 | 1.167.311 |
| | | <u>1.762.756</u> | <u>1.186.050</u> |

| | | | |
|-----------------------|--|--------------------|--------------------|
| Eignir samtals | | <u>129.257.769</u> | <u>120.072.280</u> |
|-----------------------|--|--------------------|--------------------|

Skuldir

| | | | |
|------------------------|--|----------------|----------------|
| Aðrar skuldir | | 249.716 | 236.639 |
| Skuldir samtals | | <u>249.716</u> | <u>236.639</u> |

| | | | |
|---|--|--------------------|--------------------|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | <u>129.008.053</u> | <u>119.835.641</u> |
|---|--|--------------------|--------------------|

Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris

| | | | |
|---|--|--------------------|--------------------|
| Hrein eign samtryggingardeildar..... | | 126.682.170 | 117.507.836 |
| Hrein eign séreignardeildar..... | | 2.325.883 | 2.327.805 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris samtals..... | | <u>129.008.053</u> | <u>119.835.641</u> |

Skuldbindingar utan efnahags..... 12

Lífeyrisskuldbindingar..... 13

Sjóðstreymi 2014

Allar tölur í þús. Kr.

| Inngreiðslur | 2014 | 2013 |
|--|---------------------|---------------------|
| Iðgjöld | 3.335.763 | 3.102.971 |
| Fjárfestingartekjur | 4.000.995 | 3.633.154 |
| Afborganir verðbréfa | 3.021.315 | 3.099.210 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 8.637.569 | 8.883.309 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 426.941 | 3.477.935 |
| Innlán | 48.651 | 180.840 |
| Innborgaðar aðrar tekjur | 38.826 | 38.252 |
| | <u>19.510.060</u> | <u>22.415.671</u> |
| Útgreiðslur | | |
| Lífeyrir | 3.295.732 | 2.917.700 |
| Fjárfestingargjöld | 208.224 | 181.143 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 112.090 | 90.387 |
| Aðrar útgreiðslur | 4.574 | 6.770 |
| | <u>3.620.620</u> | <u>3.196.000</u> |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum | <u>15.889.440</u> | <u>19.219.671</u> |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | (8.079.108) | (7.919.512) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | (6.996.188) | (10.641.195) |
| Innlán | (62.602) | (64.301) |
| Ný veðlán | (171.743) | (96.885) |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (3.952) | (3.440) |
| | <u>(15.313.593)</u> | <u>(18.725.333)</u> |
| Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum | 575.847 | 494.338 |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | 1.167.311 | 672.973 |
| Sjóður og veltiinnlán í árslok | <u>1.743.158</u> | <u>1.167.311</u> |

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er með aðsetur að Borgartúni 29, 105 Reykjavík. Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign. Hann er sjálfstæður lífeyrissjóður sem ekki starfar í tengslum við stéttarfélag. Um sjóðinn gilda lög nr. 155/1998 og skipar fjármálaráðherra stjórn sjóðsins.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, eignarhlutir í félögum um sameiginlega fjárfestingu, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og skuldabréf í séreignardeild eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna.

Sjóðurinn skiptir í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Á blaðsíðum 42 - 44 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning og sjóðstreymisyfirlit beggja deilda sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins samþykkti ársreikninginn þann 17. mars 2015.

2.2 Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar eru fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breytingin er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu nr. 2.14.

2.3 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðirnar sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

2.4 Rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

2.5 Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi Seðlabanka Íslands í árslok.

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

2.6 Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilgreinum sem hafa borist sjóðnum. Ógreidd iðgjöld í árslok eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Mat þeirra byggist á reynslu liðinna ára og einnig er stuðst við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningsársins. Afskriftir iðgjalda eru færðar til lækkunar á iðgjaldatekjum. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

2.7 Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat.

Undir liðinn gjald í starfsendurhæfingarsjóð er kostnaður vegna álagðra gjalda til VIRK endurhæfingarsjóðs í samræmi við lög nr. 60/2012. Lífeyrissjóðum ber að greiða 0,13% af iðgjaldastofni sjóðfélaga til móts við framlag launagreiðenda.

2.8 Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

2.9 Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina og breyting á markaðsverði afleiðusamninga.

2.10 Rekstrarkostnaður

Undir rekstrarkostnað fellur allur kostnaður við rekstur sjóðsins, svo sem laun og launatengd gjöld, rekstur fasteignar og annar rekstrarkostnaður. Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

2.11 Innheimtuþóknun

Samkvæmt lögum nr. 155/1998 fær sjóðurinn sérstaka þóknun vegna innheimtu þeirra iðgjalda sem ríkisskattstjóri sendir til hans.

2.12 Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlana teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

2.12 Verðbréfaeign frh.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á gangvirði í árslok ef um skráð verðbréf er að ræða, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði, hvort sem lægra reynist. Hlutdeildarskírteini og aðrir eignarhlutir í sjóðum og félögum um sameiginlegar fjárfestingar eru færðar á gangvirði hvort sem um er að ræða skráð eða óskráð bréf.

Verðbréf með föstum tekjum sem hafa fasta vexti eru eignfærð miðað við þá ávöxtunarkröfu sem þau voru keypt á. Verðbréf með föstum tekjum sem hafa tiltekna vaxtaviðmiðun eru eignfærð miðað við stöðu á undirliggjandi eignum sem mynda viðkomandi vaxtaviðmið. Verðbréf með föstum tekjum í séreign eru færð á gangvirði.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni að teknu tilliti til niðurfærslu vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

2.13 Húseignir, lóðir og rekstrarfjármunir

Húseign og rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við nýtingartíma eignanna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|-------------------------|---------|
| Fasteign | 50 ár |
| Rekstrarfjármunir | 3-15 ár |

2.14 Virðisrýrnun útlána og krafna

Lífeyrissjóðurinn fer yfir verðbréfasafn sitt og metur virðisrýrnun reglulega. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkennum og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi.

3. Lífeyrir

| | 2014 | 2013 |
|---------------------------|------------------|------------------|
| Greiddur lífeyrir: | | |
| Ellilífeyrir | 2.534.063 | 2.234.323 |
| Örorkulífeyrir | 389.070 | 332.713 |
| Makalífeyrir | 323.406 | 305.641 |
| Barnalífeyrir | 12.619 | 12.698 |
| | <u>3.259.158</u> | <u>2.885.375</u> |

4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

| | | |
|-------------------------|------------------|------------------|
| Skuldabréf | 4.258.340 | 6.065.242 |
| Aðrar vaxtatekjur | 190.060 | 136.090 |
| | <u>4.448.400</u> | <u>6.201.332</u> |

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

5. Rekstrarkostnaður

| | 2014 | 2013 |
|--|----------------|----------------|
| 5.1 Laun, mótframlag og launatengd gjöld greinast þannig: | | |
| Laun | 129.643 | 116.792 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 12.125 | 10.864 |
| Önnur launatengd gjöld | 11.175 | 10.158 |
| | <u>152.943</u> | <u>137.814</u> |

Hjá sjóðnum voru 14 stöðugildi árið 2014. Í stjórn eru 7 einstaklingar og 3 í endurskoðunarnefnd.

Laun og hlunnindi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---------------|---------------|
| Guðmundur Árnason, formaður stjórnar | 1.843 | 1.794 |
| Hrafn Magnússon, varaformaður stjórnar | 1.382 | 1.346 |
| Aðalbjörg Lúthersdóttir stjórn og endurskoðunarnefnd | 1.382 | 1.346 |
| Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, stjórn og endurskoðunarnefnd | 1.382 | 1.346 |
| Sigurður Þórðarson, formaður endurskoðunarnefndar | 921 | 897 |
| Svana H. Björnsdóttir, stjórn | 921 | 897 |
| Einar Sveinbjörnsson, stjórn | 921 | 897 |
| Þuríður Einarsdóttir, stjórn | 921 | 897 |
| Varamenn | 195 | 337 |
| Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri | 17.196 | 16.151 |
| | <u>27.064</u> | <u>25.908</u> |

5.2 Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

| | | |
|--|--------------|--------------|
| Endurskoðun ársins - innri endurskoðun | 3.914 | 3.852 |
| Endurskoðun ársins - ytri endurskoðun | 3.614 | 6.043 |
| | <u>7.528</u> | <u>9.895</u> |

5.3 Aðrar tekjur sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---------------|---------------|
| Þóknun fyrir innheimtu iðgjalda samkvæmt lögum nr. 129/1997 | 23.171 | 17.120 |
| | <u>23.171</u> | <u>17.120</u> |

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

6. Fjárfestingar

| Rekstrarfjármunir greinast þannig: | Húseignir og lóðir | Rekstrarfjármunir |
|------------------------------------|--------------------|-------------------|
| Heildarverð 1.1.2014 | 140.252 | 37.780 |
| Viðbót á árinu | 0 | 3.952 |
| Heildarverð 31.12.2014 | 140.252 | 41.732 |
| Afskrifað áður | 3.249 | 19.041 |
| Afskrifað á árinu | 1.370 | 3.093 |
| Afskrifað samtals | 4.619 | 22.134 |
| Bókfært verð 31.12.2014 | 135.633 | 19.598 |
| Afskriftahlutföll | 1% | 10 - 30% |

Fasteignamat húseignar og lóðar nam 82 millj. kr. Í árslok 2014, en brunabótarmat nam 150 millj. kr á sama tíma.

7. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| Innlend verðbréfaeign: | 2014 | 2013 |
|--|-----------|-----------|
| Eignarhlutir í félögum skráðum í Kauphöll Íslands: | | |
| Össur hf., Reykjavík | 733.629 | 671.477 |
| Eimskip hf., Reykjavík | 676.119 | 681.940 |
| Marel hf., Garðabær | 1.188.402 | 1.328.219 |
| Grandi hf., Reykjavík | 1.038.038 | 0 |
| Hagar hf., Reykjavík | 498.863 | 412.140 |
| VÍS hf., Reykjavík | 294.054 | 109.876 |
| N1 hf., Kópavogi | 319.210 | 406.271 |
| Tryggingamiðstöðin hf., Reykjavík | 900.551 | 1.113.465 |
| Icelandair hf., Reykjavík | 2.091.275 | 1.451.157 |
| Voice hf., Reykjavík | 294.528 | 246.833 |
| Reginn hf., Reykjavík | 557.419 | 585.270 |
| Sjóvá hf., Reykjavík | 4.859 | 0 |
| Nýherji hf., Reykjavík | 57.508 | 40.522 |
| | 8.654.455 | 7.047.170 |

Eignarhlutur í TM hf., er 4,5% í Reginn hf., 2,9% í Nýherja 2,8% og í Voice hf., 2,2%, en í öðrum félögum undir 2%.

| Beinn eignarhlutir í öðrum félögum óskráðum: | | |
|---|---------|---------|
| Skipti hf., Reykjavík | 463.252 | 463.252 |
| Atorka hf., Reykjavík | 10.220 | 23.400 |
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða hf., Reykjavík | 443 | 443 |
| Reiknistofa lífeyrissjóða hf., Reykjavík | 22.681 | 22.681 |
| SF-IV Skeljungur | 216.248 | 0 |
| Stoðir hf., Reykjavík | 13.545 | 13.545 |
| Advania hf., Reykjavík | 0 | 2.090 |
| | 726.389 | 525.411 |

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

7. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig, frh.;

| Innlendar framtaksfjárfestingar: | 2014 | 2013 |
|--------------------------------------|------------------|------------------|
| Auður Capital - Auður I slf | 139.527 | 181.375 |
| Arev NII slhf | 3.112 | 0 |
| Horn II slhf., | 432.897 | 63.127 |
| Fasteignasjóður Íslands slhf., | 57.308 | 37.947 |
| Íslenski ferðasjóðurinn slhf., | 34.273 | 10.904 |
| Kjölfesta slhf., | 100.226 | 65.850 |
| Stefnir SÍA I slhf., | 4.684 | 39.048 |
| Stefnir SÍA II slhf., | 207.169 | 0 |
| AO fjárfesting slhf. | 625.275 | 689.055 |
| IEI slhf. | 1.096.302 | 486.172 |
| Framtakssjóður Íslands slhf. | 3.158.497 | 3.099.701 |
| Jarðvarmi slhf., | 1.130.244 | 1.130.244 |
| Frumtak GP slhf. | 50.714 | 61.120 |
| | <u>7.040.228</u> | <u>5.864.543</u> |

Innlendar framtaksfjárfestingar eru óskráðar.

Erlend verðbréfaeign:

Hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum:

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| Alliance Global Growth Trend Fund | 1.482.133 | 2.165.103 |
| BlackRock World Enhanced | 3.137.271 | 2.677.606 |
| Black Rock World Index fund | 1.181.095 | 928.274 |
| MFS Global Concentrated Fund | 1.938.270 | 1.198.551 |
| Schroder Global Value Fund | 1.706.523 | 1.496.490 |
| Wellington Global Equity Fund | 1.598.484 | 937.682 |
| Templeton Growth Fund | 1.781.021 | 1.659.829 |
| Vanguard Global Stock Index Fund | 4.171.828 | 3.562.519 |
| Aðrir erlendir verðbréfasjóðir | 711.213 | 443.043 |
| | <u>17.707.838</u> | <u>15.069.097</u> |

Sérgreint hlutabréfasafn:

| | | |
|---|------------------|------------------|
| Morgan Stanley Dean Witter, sérgreint erlent hlutabréfasafn | <u>1.861.343</u> | <u>1.579.199</u> |
|---|------------------|------------------|

Skýringar

Allar tölur í þús. kr.

7. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig, frh.;

| Erlendar framtaksfjárfestingar: | 2014 | 2013 |
|--|-------------------|-------------------|
| Alþjóða Framtakssjóðurinn I | 116.858 | 149.054 |
| Alþjóða Framtakssjóðurinn II | 435.571 | 609.615 |
| Black Rock Private Equity Program III | 344.621 | 375.638 |
| Black Rock Private Equity Program IV | 609.026 | 541.735 |
| Black Rock Private Equity Program V | 199.396 | 0 |
| Morgan Stanley Emerging Private Markets Fund I | 351.521 | 303.963 |
| Morgan Stanley Private Markets Fund II | 289.474 | 350.534 |
| Morgan Stanley Private Markets Fund III | 856.612 | 852.863 |
| Morgan Stanley Private Markets Fund VI | 308.321 | 0 |
| Schroder Private Equity Fund of Funds II | 346.958 | 481.653 |
| Schroder Private Equity Fund of Funds III | 689.558 | 854.087 |
| Schroder Private Equity Fund of Funds IV | 811.839 | 739.053 |
| SVG Asia Fund of Funds | 132.227 | 96.760 |
| Aðrir erlendir framtakssjóðir | 133.490 | 197.171 |
| | <u>5.625.472</u> | <u>5.552.126</u> |
| Innlendir verðbréfasjóðir: | | |
